

Náttúra fiskirækt ehf.
Laxabraut 5
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 14. júní 2019
UST201905-273/F.T.
08.12.02

Efni: Uppgjör dagsekta


Á árinu 2018 lagði Umhverfisstofnun dagsektir skv. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir á rekstraraðilann Náttúru fiskirækt vegna frávika sem skráð voru í eftirliti stofnunarinnar. Álagningu dagsekta var hætt dags. 31. janúar 2019 þar sem Umhverfisstofnun mat sem svo að rekstraraðili hefði brugðist við frávikunum á fullnægjandi hátt.

Stofnunin felur ríkisskattstjóra að innheimta **2.000.000 kr.** hjá Náttúru fiskirækt vegna þeirra dagsekta sem stofnunin hefur lagt á rekstraraðila.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 39.600. kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri


Kristín Kalmansdóttir
sviðstjóri